



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum

ÖBÍ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla með síðari breytingum.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir:

Í 1. másl. 1. mgr. 1. gr. eru lagðar til þær breytingar að takmarka skyldu sveitarfélaga til að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6 – 16 ára við þau börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. ÖBÍ leggur áherslu á að sú breyting sem hér er lögð er til, þ.e. að skylda sveitarfélaga til að halda skóla nái aðeins til þeirra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, verði ekki til að þrengja rétt barna sem vegna fötlunar þurfa að sækja sérskóla utan síns sveitarfélags.

Í tillögu um breytingu á 18. gr. laganna, sem fjallar um skólahúsnæði, er 2. másl. 2. mgr. tekin út og í staðinn koma tveir nýir málsliðir sem eru svohljóðandi: „Grunnskólinn er vinnustaður nemenda. Við hönnun og byggingu skólahúsnæðis skal taka mið að þörfum nemenda og líðan og leggja áherslu á öruggt náms- og starfsumhverfi.“ ÖBÍ fagnar þessum breytingum en telur þó nauðsynlegt að bætt verði við ákvæði um skyldur sveitarfélaga og þeirra sem eru ábyrgir fyrir sjálfstætt reknum grunnskólum til að tryggja aðgengi að skólahúsnæði og skólalóðum. Í allt of miklu mæli eru skólabyggingar og skólalóðir óaðgengilegar fólki með fötlun s.s. hreyfihömluðum, sjónskertum og heyrnarskertum, bæði nemendum og starfsfólki sem við þá starfa. Hefur þetta m.a. haft veruleg áhrif á framkvæmd yfirlýstrar skólustefnu um skóla án aðgreiningar. Jafnframt leggur ÖBÍ áherslu á að í 18. gr. verði kveðið á um skyldu sveitarfélaga og þeirra sem bera ábyrgð á sjálfstætt reknum skólum til að gera áætlun um lagfæringar á skólabyggingum og skólalóðum til að tryggja aðgengi. Einnig að sett verði tímamörk á þá framkvæmdaáætlun. Leggur ÖBÍ til að nýr málsliður verði svohljóðandi.:

„Grunnskólinn er vinnustaður nemenda. Við hönnun og byggingu skólahúsnæðis skal taka mið að þörfum nemenda og líðan og leggja áherslu á öruggt náms- og starfsumhverfi. Þá skal aðgengi tryggt að öllu skólahúsnæði og skólalóðum.“


Í 20. gr. laganna er bætt við nýjum málslið sem er svohljóðandi:

„Jafnframt skal ráðherra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja sérstaka reglugerð um slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum.“

ÖBÍ leggur áherslu á að sbr. 18. gr. þá verði slysavarnir og öryggismál nemenda og starfsfólks með fötlun tryggt.

Í 56. gr. laganna eru lagðar til breytingar sem heimila menntamálaráðherra að viðurkenna grunnskóla eða hluta af grunnskóla sbr. 3. gr. , sem reknir eru af öðrum enn sveitarfélögum. Er lagt til að sjálfstætt starfandi skólar eigi rétt á allt að 75% framlagi úr sveitarsjóði. Í þessu sambandi vill ÖBÍ vekja athygli á mikilvægi þess að sjálfstætt starfandi skólar sem reknir eru að mestu fyrir opinbert fé lúti sömu opinberum réttarreglum og almennir grunnskólar með tilliti til jafnræðis nemenda til náms. Er því brýnt að þau skilyrði sem fram koma í 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, nánar tiltekið um gerð þjónustusamninga eigi einnig við um sjálfstætt starfandi skóla sem reknir eru að miklu leyti fyrir opinbert fjármagn.

Virðingarfyllst,
f.h. ÖBÍ


Hafdís Gísladóttir
framkvæmdastjóri